

Jarðfræðipjónusta Hauks Jóhannessonar ehf.

Yfirborðsjarðhiti í Nauteyrarhreppi hinum forna II. Rauðamýri og Tunga



Haukur Jóhannesson

Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð JHJ-2013/043


Desember 2013

Inngangur


Í þessari greinargerð er yfirborðajarðhita á tveimur jörðum í Nauteyrarhreppi lýst: Rauðamýri og Tungu. Á þessu svæði eru þrjár jarðhitalínur. Tvær eru inn á Hvannadal. Sú innsta er aðeins í landi Rauðamýrar en önnur í mynni dalsins er beggja megin Hvannadalsár og því í landi Tungu og Rauðamýrar. Þriðja línan er skammt innan við bæinn á Rauðamýri og má ætla að stakur jarðhitastaður nærri bænum Tungu fylgi líklega þessari línu en það er þó ekki víst. Farin er nokkuð hefðbundin leið að markmiðinu – jarðhitastöðum lýst í máli og myndum. Hiti var mældur og staðsetning mæld með GPS-tæki. Staðsetningar jarðhitastaða eru sýndar á 1. til 5. mynd. Samandregnar upplýsingar um jarðhitastaðina eru í 1. töflu.




1. mynd. Staðsetning allra jarðhitastaða.




2. mynd. Staðsetning jarðhitastaða á vestustu jarðhitalínunnar á Rauðamýri og jarðhitanum við bæjarstæðið í Tungu.



3. mynd. Jarðhitastaðir á syðri hluta Laugarengislínunnar.



4. mynd. Jarðhitastaðir á nyrðri hluta Laugarengislínunnar.



5. mynd. Jarðhitastaðir á austustu jarðhitalínunni á Rauðamýri.

1.tafla. Upplýsingar um jarðhitastaði á Rauðamýri og í Tungu. Hnit í WGS84.

Númer	Lögbýli	Staður	Hiti °C	Rennsli l/s	N-hnit	V-hnit
RM-01	Rauðamýri	Vestasta línan	11,2		65° 53.868	22° 18.264
RM-02	Rauðamýri	Vestasta línan	13,7		65° 53.850	22° 18.264
RM-03	Rauðamýri	Vestasta línan	14,4		65° 53.857	22° 18.241
RM-04	Rauðamýri	Vestasta línan	13,9		65° 53.844	22° 18.225
RM-05	Rauðamýri	Vestasta línan	21,0	0,1-0,2	65° 53.841	22° 18.219

RM-06	Rauðamýri	Vestasta línan	19,3		65° 53.834	22° 18.219
RM-07	Rauðamýri	Vestasta línan	10,6		65° 53.817	22° 18.214
RM-08	Rauðamýri	Vestasta línan	17,6	0,3	65° 53.792	22° 18.151
RM-09	Rauðamýri	Vestasta línan	33,4	1-2	65° 53.792	22° 18.146
RM-10	Rauðamýri	Vestasta línan	22,4	<0,1	65° 53.786	22° 18.152
RM-11	Rauðamýri	Vestasta línan	21,7	<0,1	65° 53.732	22° 18.154
RM-12	Rauðamýri	Vestasta línan	22,4		65° 53.695	22° 18.154
RM-13	Rauðamýri	Vestasta línan	18,4		65° 53.694	22° 18.152
RM-14	Rauðamýri	Laugarengislína	13,1	0,1-0,2	65° 53.218	22° 16.114
RM-15	Rauðamýri	Laugarengislína	24,1		65° 53.262	22° 16.082
RM-16	Rauðamýri	Laugarengislína	23,6		65° 53.297	22° 16.101
RM-17	Rauðamýri	Laugarengislína	32,8	0,5-1	65° 53.300	22° 16.101
RM-18	Rauðamýri	Laugarengislína	29,6	2-3	65° 53.312	22° 16.081
RM-19	Rauðamýri	Laugarengislína	23,1	1	65° 53.313	22° 16.079
RM-20	Rauðamýri	Laugarengislína	29,9	?	65° 53.334	22° 16.114
RM-21	Rauðamýri	Laugarengislína	12,9	1-2	65° 53.355	22° 16.117
RM-22	Rauðamýri	Laugarengislína	28,9	0,1	65° 53.356	22° 16.112
RM-23	Rauðamýri	Laugarengislína	33,0	4-5	65° 53.345	22° 16.115
RM-24	Rauðamýri	Laugarengislína	16,7		65° 53.380	22° 16.109
RM-25	Rauðamýri	Laugarengislína	54,3	0,1	65° 53.399	22° 16.117
RM-26	Rauðamýri	Laugarengislína	61,8	0,1	65° 53.403	22° 16.193
RM-27	Rauðamýri	Laugarengislína	66,9	5-10	65° 53.443	22° 16.120
RM-28	Rauðamýri	Laugarengislína	52,4		65° 53.448	22° 16.125
RM-29	Rauðamýri	Laugarengislína	66,5	0,5-1	65° 53.453	22° 16.091
RM-30	Rauðamýri	Laugarengislína	66,5	0,5	65° 53.457	22° 16.095

RM-31	Rauðamýri	Laugarengislína	41,2		65° 53.457	22° 16.090
RM-32	Rauðamýri	Laugarengislína	52,0	0,2-0,3	65° 53.461	22° 16.098
RM-33	Rauðamýri	Laugarengislína	15,1		65° 53.470	22° 16.095
RM-34	Rauðamýri	Laugarengislína	45,0	0,1-0,2	65° 53.465	22° 16.106
RM-35	Rauðamýri	Laugarengislína	50,0	0,5-1	65° 53.461	22° 16.116
RM-36	Rauðamýri	Laugarengislína	39,2	0,1	65° 53.464	22° 16.134
RM-37	Rauðamýri	Laugarengislína	33,1	0,1	65° 53.468	22° 16.112
RM-38	Rauðamýri	Austasta línan	27,0	0,1-0,2	65° 52.607	22° 14.445
RM-39	Rauðamýri	Austasta línan	33,7	<0,1	65° 52.613	22° 14.446
RM-40	Rauðamýri	Austasta línan	30,0	0,1	65° 52.612	22° 14.451
RM-41	Rauðamýri	Austasta línan	28,7	0,1	65° 52.621	22° 14.455
RM-42	Rauðamýri	Austasta línan	15,2	0,5	65° 52.624	22° 14.440
RM-43	Rauðamýri	Austasta línan	51,1	4-5	65° 52.633	22° 14.444
RM-44	Rauðamýri	Austasta línan	31,2	0,5	65° 52.634	22° 14.459
RM-45	Rauðamýri	Austasta línan	22,2	0,1-0,2	65° 52.631	22° 14.464
RM-46	Rauðamýri	Austasta línan	51,9	1-3	65° 52.643	22° 14.458
TU-01	Tunga	Laugarengislína	20,2	0,1	65° 53.167	22° 16.054
TU-02	Tunga	Laugarengislína	25,8	0,1-0,2	65° 53.172	22° 16.064
TU-03	Tunga	Laugarengislína	28,1	0,3	65° 53.175	22° 16.054
TU-04	Tunga	Laugarengislína	20,3		65° 53.176	22° 16.098
TU-05	Tunga	Við bæjarstæði	17,7		65° 53.462	22° 17.526

Rauðamýri

Jarðhitinn í landareign Rauðamýrar raðast á þrjár aðskildar jarðhitalínur. Sú vestasta er aðeins um 200 metra austan við bæinn og bak við lágt klapparholt. Hún er um 350 metra löng og stefnir nærri N-S. Á henni eru staðir RM-01 til RM-13. Næsta jarðhitalína er í mynni Hvannadals og er um 2 km suðaustan við bæinn. Sú lína er um 560 metra löng og nær frá ánni og upp í um 100 m hæð yfir dalbotninn. Þessi lína er mjög vatnsmikil og stefnir N-S. Þetta jarðhitasvæði nefnist Laugarengi. Á þessari línu eru staðir RM-14 til RM-37. Innsta línan er um 4 km suðaustan við bæinn og er þar í lághlíðinni en nær ekki niður í Hvanndalsá. Hún er um 70 metra löng og stefnir N-S. Á þessari línu eru staðir RM-38 til RM-46.

Rauðamýri**RM-01**

Nyrsti staðurinn á vestustu jarðhitalínunni á Rauðamýri. Þar er eins konar dý sem er 1-2 metrar í þvermál. Í kringum það er greinilega mól eða urð. Hæstur hiti mældist 11,2°C en rennsli sést ekki frá því (6. mynd).



6. mynd. Jarðhitastaður RM-01 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-02**

Jarðhitastaður RM-02 er um 30 metra suður af stað RM-01. Þar er gulgræn mýri sem dugar á stóru svæði - um 20 m í þvermál. Hæstur hiti mældist 13,4°C en ekkert vatn er að sjá (7. mynd).



7. mynd. Jarðhitastaður RM-02 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-03**

Um 20 metrum nær hlíðinni og alveg í brekkurótinni eru 2-3 lítil augu, það stærsta um 20 cm í þvermál. Þar eru hvítar útfellingar á steinum og hæstur hiti mældist 14,4°C. Rennsli er hverfandi (8., 9. og 10. mynd). Allt svæðið frá stað RM-02 og að RM-03 virðist dúandi.



8. mynd. Jarðhitastaður RM-03 á Rauðamýri.



9. mynd. Jarðhitastaður RM-03 á Rauðamýri.



10. mynd. Jarðhitastaður RM-03 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-04**

Staður RM-04 er um 30 metrum suðsuðaustur frá stað RM-03 og í sömu brekkurótinni. Þar er dý sem er um 2 metrar í þvermál. Hæstur hiti mældist 13,9°C en ekkert rennsli sést (11. mynd).



11. mynd. Jarðhitastaður RM-04 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-05**

Um 10 metrum sunnar en staður RM-04 er RM-05. Hann er enn í sömu brekkurótinni. Bárujárnsplata hefur verið sett yfir laugina og lögð tvö galvaniseruð rör frá henni. Vatn rennur um neðra rörið. Hæstur hiti mældist 21,0°C og rennsli er metið 0,1-0,2 l/s (12. mynd).



12. mynd. Jarðhitastaður RM-05 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-06**

Liðlega 10 metrum sunnar en RM-05 er RM-06. Þar er lítið auga, 10 cm í þvermál, í gróinni urð. Rennsli er hverfandi en þó sést móta fyrir rás sem er grænni en gróðurinn í kring. Hæstur hiti mældist 19,3°C (13. mynd).



13. mynd. Jarðhitastaður RM-06 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-07**

RM-07 er 30 metra suður af RM-06 og út í mýrinni vestur af brekkufætinum. Þar er leirflag um 5 metrar í þvermál og er gráleitt á litinn. Þar sést ekkert auga en hæstur hiti mældist 10,6°C. Rennsli virðist vera lítið sem ekkert (14. mynd).



14. mynd. Jarðhitastaður RM-07 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-08**

RM-08 er um 70 metra suðaustur af RM-07. Þar er lítið auga í gróinni urð. Þessi staður er neðan við klauf sem gengur niður neðsta kletthjallann í brekkunni austan við jarðhitalínuna. Hvítar útfellingar sjást á steinum. Hæstur hiti mældist 17,6°C og rennsli metið 0,3 l/s (15. mynd).



15. mynd. Jarðhitastaður RM-08 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-09**

Um sex metrum innar og alveg við læk sem fellur eftir klaufinni er útgrafin laug. Hlaðið er fyrir neðan hana. Hún er 1,5x3 metrar að stærð. Hvítar útfellingar eru áberandi á steinum og mikið bólustreymi. Hæstur hiti mældist 33,4°C og rennsli metið 1-2 l/s (16. og 17. mynd).



16. mynd. Jarðhitastaður RM-09 á Rauðamýri.



17. mynd. Jarðhitastaður RM-09 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-10**


Um 10 metrum sunnan við RM-08 og RM-09 og innan við lækinn er RM-10. Þar er lítið auga í mýri sem er um 20 cm í þvermál. Hvítar útfellingar sjást á steinum en rennsli er minna en 0,1 l/s. Hæstur hiti mældist 22,4°C (18. mynd).



18. mynd. Jarðhitastaður RM-102 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-11**

RM-11 er um 100 metra beint suður af síðustu þremur stöðum og út í miðri mýri. Þar er um 50 cm vítt auga í mýrinni. Hæstur hiti mældist 21,7°C en rennsli er minna en 0,1 l/s (19. mynd).



19. mynd. Jarðhitastaður RM-11 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-12**

Um 70 metra beint suður af RM-11 er RM-12. Þar er pyttur í mýrinni sem er 1-2 metrar í þvermál og um einn metri að dýpt. Í honum er dökkgrænt slý en rennsli er ekkert að sjá. Hæstur hiti mældist 22,4°C (20. mynd).



20. mynd. Jarðhitastaður RM-12 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-13**

RM-13 er um 4-6 metrum sunnar en RM-12. Þar er mýrin grænni en í kring. Rennsli er ekkert en hæstur hiti er 18,4°C (21. mynd).



21. mynd. Jarðhitastaður RM-13 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-14**

Staður RM-14 er í norðurbakka Hvannadalsár niður undan Laugarengi. Volgt vatn vætlar upp í sprunginni klöpp á 3-4 metra kafla. Hæðin á bakkanum er 2-3 metrar. Mikið er af hvítum útfellingum en rennsli er metið 0,1-0,2 l/s. Hæstur hiti mældist 13,1°C (22. mynd).



22. mynd. Jarðhitastaður RM-14 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-15**

RM-15 er um 80-90 metrum norðar og í miðri mýrinni milli ár og hlíðar. Þar er 1,5 metra djúpur pyttur sem er um einn metri í þvermál. Hiti mældist 24,1°C en rennsli sést ekkert (23. mynd).



23. mynd. Jarðhitastaður RM-15 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-16**

Staður RM-16 er um 70 metrum norðar en staður RM-15. Þar er lítið auga í lágu grasigrónu barði. Rennsli er lítið en hæstur hiti mældist 23,6°C (24. mynd).



24. mynd. Jarðhitastaður RM-16 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-17**

Um 3-4 metrum utar og ofar en RM-16 er staður RM-17. Vatnið kemur upp í möl undir lágu barði á um 2-3 metra kafla. Áberandi hvítar útfellingar eru á steinum og dökkt slý. Rennsli er metið 0,5-1 l/s og hæstur hiti mældist 32,8°C (25. mynd).



25. mynd. Jarðhitastaður RM-17 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-18**

Staður RM-18 er um 25 metrum norðaustur af stað RM-17 og er þar skammt að hlíðarfætinum. Þarna sprettur heitur lækur upp úr gróinni urð. Upptökin eru 1-1,5 metrar í þvermál og frá þeim rennur lækur. Hvítar útfellingar eru á steinum. Rennsli er metið 2-3 l/s og heitast er 29,6°C (26. mynd).



26. mynd. Jarðhitastaður RM-18 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-19**

Staður RM-19 er um sex metrum utar og ofar en RM-18. Þar sprettur upp annar lækur upp úr gróinni urð. Hvítar útfellingar eru áberandi á steinum. Rennsli er metið 1 l/s en hiti mældist hæstur 23,1°C (27. mynd).



27. mynd. Jarðhitastaður RM-19 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-20**

Um 50 metrum utar með hlíðinni (norðaustar) en RM-19 er staður RM-20 og er þessi staður rétt innan við gömlu torflaugina sem þar er. Heitt vatn sprettur þar upp á 3-4 metra kafla og kemur það úr samlímdri möl. Hvítar útfellingar eru áberandi á steinum. Rennsli er metið 0,2 l/s en hæstur hiti mældist 29,9°C (28. mynd).



28. mynd. Jarðhitastaður RM-20 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-21**

Um 20 metrum norðan við stað RM-20 er torflaug gömul og er hlaðið fyrir útfallið með torfvegg. Vatnið sem notað hefur verið í laugina sprettur upp í botni hennar eða hliðum. Stærð torflaugarinnar er 20x15 metrar. Staður RM-21 er efst og nyrst í lauginni. Þar sprettur upp heitt vatn á svæði sem er 2-3 metrar í þvermál. Þar eru hvítar útfellingar á steinum og nokkurt bólustreymi. Einnig er dökkgrænt slý áberandi. Vatnið virðist koma upp í urð. Rennsli er metið 1-2 l/s og hæstur hiti mældist 52,9°C (29. mynd).



29. mynd. Jarðhitastaður RM-21 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-22**

Um 3-4 metrum innar en RM-21 sprettur staður RM-22 upp í urð á svæði sem er um einn metri í þvermál. Hvítar útfellingar eru á steinum og dökkgrænt slý er áberandi. Rennsli er metið um 0,1 l/s og hæstur hiti mældist 28,9°C (30. mynd).



30. mynd. Jarðhitastaður RM-22 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-23**

Staður RM-23 er neðst í lauginni og að utanverðu. Þar streymir upp heitt vatn í botni laugarinnar á allstóru svæði. Mikið bólustreymi víða í laugarbotninum. Hvítar útfellingar eru á steinum. Rennsli er vafalaust töluvert en ekki metanlegt vegna aðstæðna. Hæstur hiti mældist 33,0°C (31. mynd). Heildarrennsli út um neðri laugarvegginn er um 4-5 l/s.



31. mynd. Jarðhitastaður RM-23 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-24**

Staður RM-24 er um 50 metrum norðar og upp í hlíðinni. Þar er grænn blettur sem er um 15 til 20 metrar í þvermál og vel grasgróinn. Hæstur hiti mældist 16,7°C en rennsli er ekkert (32. mynd).



32. mynd. Jarðhitastaður RM-24 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-25**

Um 40 metrum ofar og norðar en staður RM-24 er staður RM-25. Þar eru 2-3 augu og eru miklar hvítar útfellingar á steinum í kringum þau og dökkgrænt slý er áberandi. Svæðið er um 3-4 metrar að stærð. Rennsli er um 0,1 l/s en hæstur hiti mældist 54,3°C (33. og 34. mynd)



33. mynd. Jarðhitastaður RM-25 á Rauðamýri.



34. mynd. Jarðhitastaður RM-25 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-26**

RM-26 er um 60 metra beint vestur af RM-25. Þar sprettur upp heitt vatn á svæði sem er um tveir metrar í þvermál. Þar eru hvítar útfellingar á steinum og mikið af dökkgrænu slýi. Rennsli er metið 0,5 l/s og hæstur hiti mældist í efsta auganu og er 61,8°C (35. mynd)



35. mynd. Jarðhitastaður RM-26 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-27**

Mest áberandi yfirborðsjarðhiti í landi Rauðamýrar er staður RM-27. Hann er uppi í miðri hlíð um 80 metrum ofar en staður RM-26. Þessi staður sést langt að enda er þar áberandi hvít skella og hvítur heitur lækur fellur niður hlíðina. Hlaðið hefur verið utan um eitt augað og er þar rauð mússteinshleðsla 60x60 cm og úr þrónni liggur 32 mm plaströr sem liggur niður hlíðina. Til hliðar við þróna eru fleiri augu á svæði sem er um fimm metrar í þvermál. Mikið áberandi hvítar útfellingar og dökkgrænt slý. Rennslið er metið 5-10 l/s og hæstur hiti mældist 66,9°C (36., 37. og 38 mynd).



36. mynd. Jarðhitastaður RM-27 á Rauðamýri.



37. mynd. Jarðhitastaður RM-27 á Rauðamýri. Horft niður lækinn.



38. mynd. Jarðhitastaður RM-27 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-28**

Staður RM-28 er 15-20 metrum utar og ofar í hlíðinni heldur en staður RM-27. Þessi staður er vestan við heita lækinn. Mikill grasvöxtur er þar í grennd. Hvítar útfellingar eru á steinum og dökkgrænt slý. Augað sjálft er um 30 cm í þvermál. Rennsli er lítið en hæstur hiti mældist 52,4°C (39. mynd).



39. mynd. Jarðhitastaður RM-28 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-29**

Staður RM-29 er um 25 ofar og innar en staður RM-28. Þar er tilsýndar hvítur melur að sjá. Heitt vatn kemur upp á 8-9 metra löngum kafla og eru þar mörg augu. Hvítar útfellingar eru áberandi og einnig dökkgrænt slý. Rennsli er metið 0,5-1 l/s og hæstur hiti mældist 66,5°C (40. mynd).



40. mynd. Jarðhitastaður RM-29 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-30**

Staður RM-30 er um 6-8 metrum utar og eilítið ofar í hlíðinni. Þar kemur upp vatn á um þriggja metra kafla. Járnrör hefur verið rekið ofan í stærsta augað sem er um einn metri í þvermál. Hvítar útfellingar eru á steinum og dökkgrænt slý. Rennsli er metið 0,5 l/s og hæstur hiti mældist 66,5°C (41. mynd).



41. mynd. Jarðhitastaður RM-30 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-31**

Staður RM-31 er um fjórum metrum ofar í sama dragi. Þar er skápur sem er um einn metri í þvermál. Hvítar útfellingar eru á steinum en rennsli er seytl eitt. Hæstur hiti mældist 41,2°C (42. mynd).



42. mynd. Jarðhitastaður RM-31 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-32**

Staður RM-32 er um 10 metrum utar og eilítið hærra en staður RM-31. Þar eru tvö augu á 2-3 metra kafla í hlíðinni. Miklar hvítar útfellingar á steinum og mikið af dökkgrænu slýi. Rennsli er metið 0,2-0,3 l/s og hæstur hiti mældist 52,0°C (43. mynd).



43. mynd. Jarðhitastaður RM-325 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-33**

Um 15 metrum ofar og utar (beint norður af RM-32) er staður RM-33. Þetta er sá staður sem liggur hæst í landinu. Þar er grænn blettur sem er 4-5 metrar í þvermál. Hiti mældist 15,1°C en rennsli sést ekki (44. mynd).



44. mynd. Jarðhitastaður RM-33 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-34**

Staður RM-34 er beint niður af stað RM-33 og er fjarlægðin um 10-15 metrar. Þar eru tvö augu mest áberandi á svæði sem er um 3-4 metrar að lengd. Áberandi grasfætlingur er í kringum staðinn. Stórir steinar eru við augun. Hvítar útfellingar eru á steinum og dökkgrænt slý. Rennsli er metið 0,1-0,2 l/s og hæstur hiti 45,0°C (45. mynd).



45. mynd. Jarðhitastaður RM-34 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-35**

Staður RM-35 er um 10 metrum niður af stað RM-34 og í sama grasgeira. Þar eru tvö aðalaugu á 3-4 metra löngum kafla í hlíðinni. Stórir steinar eru við augun. Mjög áberandi hvítar útfellingar eru á steinum og dökkgrænt slý. Rennsli er metið 0,5-1 l/s og hæstur hiti mældist 50,0°C (46. mynd).



46. mynd. Jarðhitastaður RM-35 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-36**

Staður RM-36 er um 15 metrum utar og eilítið neðar en staður RM-35. Heitt vatn sprettur upp á svæði sem er um einn metri í þvermál og er eitt augað ráðandi. Hvítar útfellingar eru á steinum og dökkgrátt slý. Rennsli er metið 0,1 l/s og hæstur hiti er 39,2°C (47. mynd).



47. mynd. Jarðhitastaður RM-36 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-37**

Staður RM-37 er um 20 metra beint upp af stað RM-36. Þar eru tvö augu og um tveir metrar á milli. Þau eru í loðnum grasgeira. Hvítar útfellingar eru á steinum og rennsli er metið 0,1 l/s. Hæstur hiti mældist 33,1°C í ytra auganu en 29,6°C í því innra (48. mynd).



48. mynd. Jarðhitastaður RM-37 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-38**

Staður RM-38 er neðsti hitastaðurinn á austustu jarðhitalínunni á landi Rauðamýrar. Hann er um 150 metra frá Hvannadalsá. Þar gengur stallur skáhalt upp og út hlíðina og jarðhitinn er undir stallinum. Auga er í gróinni urð og er leirsvakki í kring. Rennsli er metið 0,1-0,2 l/s og hæstur hiti mældist 27,0°C (49. mynd).




49. mynd. Jarðhitastaður RM-38 á Rauðamýri.

Rauðamýri

RM-39

Staður RM-39 er 10 metrum ofar og utar en staður RM-38. Þar er lækjarsytra í gróinni urð. Rennsli er minna en 0,1 l/s og hæstur hiti mældist 33,7°C (50. mynd).



50. mynd. Jarðhitastaður RM-39 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-40**

Staður RM-40 er um fimm metrum utan við stað RM-39. Þar er auga um einn metri í þvermál. Hvítar útfellingar eru á steinum og dökkgrænt slý er áberandi. Rennsli er metið 0,1 l/s og hæstur hiti mældist 30,0°C (51. mynd).



51. mynd. Jarðhitastaður RM-40 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-41**

Staður RM-41 er um 15 metra ofar og norðar en staður RM-40. Þar er pyttur í blautum móa og milli lækja Kafloðið er í kring. Pytturinn er um einn metri í þvermál. Rás liggur frá pyttinum. Hvítar útfellingar á steinum og dökkgrænt slý. Rennsli er um 0,1 l/s og hæstur hiti mældist 28,7°C (52. mynd).



52. mynd. Jarðhitastaður RM-41 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-42**

Staður RM-42 er um 15 metrum austar og ofar en RM-41. Þar er auga um 0,5 metrar í þvermál og lækur frá því. Stórir steinar eru í læknum. Hvítar útfellingar eru á steinum og dökkgrænt slý. Rennsli er metið 0,5 l/s og hæstur hiti mældist 15,2°C (53. mynd).



53. mynd. Jarðhitastaður RM-42 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-43**

Staður RM-43 er 15 metrum utar og ofar í hlíðinni en staður RM-42. Þarna kemur upp heitt vatn í samlímdri urð á svæði sem er 6-8 metrar í þvermál. Mikið af hvítum útfellingum á steinum og dökkgrænt slý. Rennsli er metið 4-5 l/s og hæstur hiti mældist 51,1°C (54. og 55. mynd).



54. mynd. Jarðhitastaður RM-43 á Rauðamýri.



55. mynd. Jarðhitastaður RM-43 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-44**

Staður RM-44 er um 10 metra vestur af stað RM-43. Þar eru tvö augu og um tveir metrar á milli. Hvítar útfellingar eru á steinum og dökkgrænt slý. Rennsli er metið 0,5 l/s og hæstur hiti mældist 31,2°C (56. mynd).



56. mynd. Jarðhitastaður RM-44 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-45**

Staður RM-45 er 6-7 metrum suðvestan við og neðar en staður RM-44. Þar er auga í mýri og lítil rás frá henni. Rennsli er metið 0,1-0,2 l/s og hæstur hiti mældist 22,2°C (57. mynd).



57. mynd. Jarðhitastaður RM-45 á Rauðamýri.

Rauðamýri**RM-46**

Staður RM-46 er um 15 metra ofar og beint norður af stað RM-44. Þar er stór uppspretta sem er allt að 1,5 metri í þvermál. Hvítar útfellingar eru áberandi og dökkgrænt slý. Rennsli er metið 1-3 l/s og hæstur hiti mældist 51,9°C (58. mynd).



58. mynd. Jarðhitastaður RM-46 á Rauðamýri.



59. mynd. Horft niður eftir austustu jarðhitalínunni á Rauðamýri.

Tunga

Jarðhiti er á tveimur stöðum í landi Tungu. Annars vega sunnan Hvannadalsár gegnt Laugarengi og er sá jarðhiti (TU-01 til TU-04) í beinu framhaldi af jarðhitanum á Rauðamýri. Hins vegar er einn jarðhitastaður (TU-05) skammt austur af bæjartóftunum í Tungu og gæti vel verið syðsti hlutinn af vestustu jarðhitalínunni á Rauðamýri en þó er ekki víska fyrir því.

Tunga TU-01

Jarðhitastaður TU-01 er um 100 metra suður af stað RM-14 á Rauðamýri. Þessi staður er sunnan Hvannadalsár. Hann er rétt innan við vegslóða sem liggur niður að ánni og í um 30 metra fjarlægð frá henni. Augað er um 10 cm í þvermál. Hvítar útfellingar eru á steinum og ljósgrænt slý. Rennsli er metið 0,1 l/s og hæstur hiti mældist 20,2°C (60. mynd).



60. mynd. Jarðhitastaður TU-01 í Tungu.

Tunga TU-02

Staður TU-02 er um 10 metrum nær ánni en TU-01 og utan við vegslóðann. Heita vatnið kemur upp í hallamýri á svæði sem er um 2-3 metrar í þvermál. Rennsli er metið 0,1-0,2 l/s og hæstur hiti mældist 26,1°C (61. mynd).



61. mynd. Jarðhitastaður TU-02 í Tungu.

Tunga TU-03

Staður TU-03 er um 5-10 metrum norðaustur af stað TU-02. Þar eru nokkur augu á svæði sem er um tveir metrar í þvermál. Hvítar útfellingar eru á steinum og ljósgrænt slý. Vatnið kemur upp í sprunginni klöpp. Rennsli er metið 0,3 l/s og hæstur hiti mældist 28,1°C (62. mynd).



62. mynd. Jarðhitastaður TU-03 í Tungu.

Tunga TU-04

Staður TU-04 er um 30 metra vestan við staði TU-03 og TU-02. Þar er dúandi mýri um 25 metra í þvermál. Rennsli sést lítið en hæstur hiti mældist 20,3°C (63. mynd).



63. mynd. Jarðhitastaður TU-04 í Tungu.

Tunga TU-05

Jarðhitastaður TU-05 er um 80 metra austur af gamla bæjarstæðinu í Tungu. Þar er gamall hálffullur skurður. Í honum er pyttur og velgja þar í kring á svæði sem er 1-2 metrar í þvermál. Rennsli er óverulegt. Hæstur hiti mældist 17,7°C (64. mynd).



64. mynd. Jarðhitastaður TU-05 í Tungu.